

Viðtakandi:
Reykjavíkurborg
Borgarráð

Reykjavík, 14. júní 2017

Í kjölfar samkomulags sveitarfélaga um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum, óskar Barnavistun, félag dagforeldra, eftir að koma eftirfarandi athugasemdum og spurningum á framfæri við aðila ofangreinds samkomulags.

Fram kemur í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins að í umsögn sveitarfélags skuli m.a. upplýst um fjölda kvartana hjá viðkomandi dagforeldri. Í því samhengi óskar Barnavistun eftir því að aðilar samkomulagsins útskýri nánar hvað teljist til slíkra kvartana og hvernig aðilar samkomulagsins hyggist fara með slíkar tölur, s.s. hvaða tölur teljist ásættanlegar.

Ástæða þessara spurninga er sú að kvartanir geta verið af ýmsum toga og eðli þeirra misjafnt.

- Verður lagt að jöfnu hvort heldur um ræðir kæru, skriflega ábendingu eða innhringingu fyrirspurnar í umvöndunartóni?
- Ef fjölda kvartana er ætlað að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknar um leyfi til daggæslu, er þá ekki eðlilegt að dagforeldrar viti fyrirfram hvar þau mörk liggja, svo meginreglum stjórnsýsluréttar sé fullnægt?
- Mun dagforeldri gefast réttur til skýringa ef sveitarfélag telur fjölda kvartana yfir ásættanlegum mörkum?

Virðingarfyllst,
f. h. Barnavistunar
Guðný Ólafsdóttir

P.S. Ofangreint var áður sent Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar hinn 28. febrúar 2017, en engin svör hafa borist frá Reykjavíkurborg.